

Fimmtudaginn 7. febrúar 1991.

Nr. 419/1988. **Einar Brynjólfsson og
Sigrún Ingólfssdóttir**

(Jóhann Þórðarson hrl.)

gegn

Hitaveitu Rangæinga

(Páll Arnór Pálsson hrl.).

Samningar. Skuldamál.

Dómur Hæstaréttar.

Mál þetta dæma hæstaréttardómararnir Guðrún Erlendsdóttir, Guðmundur Jónsson og Hjörtur Torfason, Gunnar M. Guðmundsson, settur hæstaréttardómari, og Stefán Már Stefánsson prófessor.

Áfrýjendur skutu máli þessu til Hæstaréttar með stefnu 21. desember 1988 og gera þær dómkröfur aðallega, að málinu verði vísað frá héraðsdómi, en til vara, að þeir verði sýknaðir af kröfum stefnda. Í báðum tilvikum er krafist málskostnaðar í héraði og fyrir Hæstarétti. Til þrautavara krefjast áfrýjendur þess, að kröfur stefnda verði stórlega lækkaðar og málskostnaður látinn niður falla.

Stefndi krefst staðfestingar hins áfrýjaða dóms með þeim breytingum, að fallið er frá sérstöku ákvæði um dráttarvexti, að fjárhæð 21.191 krónu, og dráttarvaxta krafist frá 13. júní 1986 til samræmis við breytingu á kröfugerð að því leyti við munnlegan málflutning í héraði 30. apríl 1987. Þá krefst stefndi málskostnaðar fyrir Hæstarétti.

I.

Samkvæmt 1. gr. reglugerðar fyrir Hitaveitu Rangæinga nr. 632 frá 25. nóvember 1982 eiga Holtahreppur, Hvolhreppur og Rangárvallahreppur og reka saman fyrirtæki, sem nefnist Hitaveita Rangæinga. Var fyrirtækið stofnað með samningi milli þessara hreppa 13. október 1981. Samkvæmt 2. gr. reglugerðarinnar eru nefndir hreppar veitusvæði hitaveitunnar, og samkvæmt 3. gr. hefur hún einkaleyfi til reksturs hitaveitu og dreifingar og sölu á heitu vatni á veitusvæði sínu. Hitaveita Rangæinga hóf starfsemi í desember 1982.

II.

Á öndverðu ári 1981 mun áfrýjandinn Einar hafa falast eftir því við þáverandi oddvita Holtahrepps að fá heitt vatn til að hita upp íbúðarhúsið í Götú úr holu á Laugalandi, sem boruð hafði verið á vegum Orkustofnunar 1980. Var leyfi veitt til þessa og vatnslögn þá lögð til bráðabirgða í íbúðarhúsið. Stefndi lagði síðar varanlega lögn að íbúðarhúsinu. Samkvæmt því, sem fram kemur í aðila-skýrslu stjórnarformanns stefnda, gerðist þetta öðrum hvorum megin áramóta 1982/1983. Var þá rennslismælir settur á þessa lögn.

III.

Með bréfi 4. júní 1982 sótti áfrýjandinn Einar um það til stefnda að fá heitt vatn í um 300 fermetra gróðurhús, sem hann ráðgerði að byggja þá um sumarið. Hann ítrekaði þessa umsókn í bréfi 7. september sama ár og tilgreindi jafnframt það vatnsmagn, er hann þyrfti og næmi 0,3 - 0,4 litrum á sekúndu.

Umsókn þessi var tekin til greina, og var vatnið tekið úr lögn, sem lá að Laugalandsskóla, og leitt í plastpípu ofan jarðar að gróðurhúsinu um mitt ár 1983. Þetta var bráðabirgðalögn og hvorki settur á hana rennslismælir né hemill.

IV.

Hinn 17. maí 1984 undirrituðu málsaðilar samning, sem veitti stefnda einkarétt til jarðborunar eftir heitu vatni í landi Götú og til að virkja og nýta allan jarðhita, sem fáiist með borun á jörðinni. Í 3. gr. samningsins eru ákvæði um endurgjald til áfrýjenda fyrir vatnsréttindin. Þau eru rakin í héraðsdómi. Í þessari grein samningsins er enn fremur kveðið svo á, að stefndi muni leggja á sinn kostnað heimæð að gróðurhúsi frá stofnæð veitunnar og annast viðhald hennar og endurnýjun. Að öðru leyti skuli jarðeigendur hlíta auglýsingum og ákvæðum reglugerðar fyrir hitaveituna, sem í gildi eru á hverjum tíma og í samræmi við ákvæði samningsins.

Ráðgerð nýting stefnda á umsömdum vatnsréttindum varð minni en vænst var. Mun ágreiningur málsaðila, sem mál þetta er af risið, ekki sist eiga rætur að rekja til þess. Á hinn bóginn var í málatilbúnaði áfrýjenda í héraði ekki um þetta fjallað og ekkert að því vikið, svo að séð verði, fyrr en við málflutning hér fyrir dómi. Kemur ágreiningsefni þetta því ekki til álita í þessu máli.

Um aðalkröfu.

Frávísunarkröfu sína reisa áfrýjendur m.a. á því, að kröfugerð stefnda sé mjög óljós og vanreifuð, byggð að öllu leyti á áætlun hans sjálfs, og engin óyggjandi gögn liggi fyrir um það, hve lengi áfrýjendur hafi fengið heitt vatn frá stefnda né í hvaða mæli.

Af hálfu stefnda er frávísunarkröfunni mótmælt sem allt of seint fram kominni, en auk þess hafi hún ekki við nein gild efnisrök að styðjast.

Krafa um frávísun málsins var ekki gerð í héraði, og í áfrýjunarstefnu er þess ekki krafist, að málinu verði vísað frá héraðsdómi. Sú krafa kom fyrst fram í greinargerð áfrýjenda fyrir Hæstarétti. Við svo búið ber að hafna frávísunarkröfunni. Eigi eru heldur næg efni til þess, að málinu verði sjálfkrafa vísað frá héraðsdómi.

Um varakröfu.

Áfrýjendum hefur hvorki tekist að sanna, að þeim hafi ekki borið skylda til að greiða fyrir heitt vatn, sem þeir fengu á því tímabili, sem krafa stefnda miðast við, né heldur, að ekki hafi verið til þess ætlast. Þá verður ekki á það fallist, að greiðsluskylda þeirra hafi fallið niður vegna tómlætis af hálfu stefnda fyrir þá sök, að hvorki hafi verið á þetta minnst né fyrirvari um það gerður við samningsgerð aðila 17. maí 1984. Samningurinn gefur enga vísbendingu um, að þetta hafi borið á góma, er hann var gerður, en hafi það verið álitaefni þá, stóð það eigi stefnda nær en áfrýjendum að hreyfa því og fá það til lykta leitt. Samkvæmt því eru ekki efni til að taka sýknukröfu áfrýjenda til greina.

Um þrautavarakröfu.

Í bréfi stefnda 22. maí 1986 til áfrýjandans Einars er fyrst farið fram á greiðslu skuldar þeirrar, sem mál þetta fjallar um. Bréfið er rakið orðrétt í héraðsdómi. Kröfufjárhæðin er þrípætt. Í fyrsta lagi er krafist gjalds fyrir áætlaða notkun vatns í gróðurhúsi 1983 og 1984. Nemur hún 13.824 tonnum, og er gjald fyrir hvert tonn reiknað 26,40 krónur, alls 364.954 krónur. Í öðru lagi er krafist gjalds fyrir áætlaða notkun í gróðurhúsi fyrir átta mánuði 1985. Nemur hún 6.912 tonnum. Við það magn er bætt 1.801 tonni samkvæmt rennslismæli í íbúðarhúsi fyrir tímabilið 1. apríl til 31. desember 1985. Samtals nemur þá heildarvatnsnotkun í gróðurhúsi og

íbúðarhúsi 8.713 tonnum árið 1985. Frá því magni er dregið endurgjald fyrir hitaréttindi, er stefnda bar að greiða samkvæmt samningi aðila, 2.911 tonn. Mismunurinn er 5.802 tonn, og er gjald fyrir hvert tonn reiknað eins og áður 26,40 krónur, alls 153.173 krónur. Í þriðja lagi er krafist gjalds vegna íbúðarhúss samkvæmt mæli fram til 1. apríl 1985, og nemur það 48.271 krónu. Í greinargerð áfrýjenda í héraði var þessi liður kröfunnar viðurkenndur.

Í fyrrnefndu bréfi er sagt, að láðst hafi að setja rennslismæli á vatnslögnina að gróðurhúsinu, en í aðilaskýrslu framkvæmdastjóra stefnda á aukadómþingi Rangárvallasýslu 30. apríl 1987 er önnur skýring á þessu gefin. Greinir hann svo frá, að tilgangslaust hafi verið að hafa rennslismæli á lögninni, þar sem hún hafi verið óeinangruð og ófrágengin. Til þess hafi verið ætlast, að áfrýjendur áætluðu vatnsnotkunina, en þeir hafi ekki fengist til þess. Þessi skýring getur ekki átt við greiðslutímabilið eftir gildistöku samnings aðila vorið 1984, því að með samningnum tók stefndi að sér að leggja varanlega vatnslögn að gróðurhúsinu. Áætlun vatnsnotkunar eftir það átti því að vera óþörf. Að því er varðar vatnsnotkun fyrir þann tíma, ber að hafa í huga þá fullyrðingu framkvæmdastjórans í nefndri aðilaskýrslu, að starfsmenn stefnda „hafi vitað um magnið og notendur hafi ekki átt að gjalda fyrir bráðabirgðalögnina“.

Í aðilaskýrslu stjórnarformanns stefnda í sama þinghaldi kemur fram, að verðlagning vatnsins í kröfugerð stefnda er samkvæmt gjaldskrá, er tók gildi 7. mars 1986, þótt greiðslutímabilið sé frá 1983-1985. Taldi hann þetta hagstætt fyrir áfrýjendur, þar sem dráttarvextir af kröfunni, sem reikna mætti, væru hærri en næmi þeirri hækkun gjaldskrár, sem orðið hefði á greiðslutímabilinu.

Í 7. gr. gjaldskrár Hitaveitu Rangæinga nr. 150 frá 7. mars 1986, sem staðfest er af iðnaðarráðuneytinu sama dag, segir í 7. gr., að gjalddagi hitaveitugjalda sé við framvísun reiknings eða tilkynningar um reikningsupphæð. Stefndi framvísaði ekki reikningi, en tilkynning hans til áfrýjenda um skuld þeirra kom fram í áðurnefndu bréfi frá 22. maí 1986, sem er því gjalddagi skuldarinnar. Í nefndri 7. gr. segir, að það séu vanskil, ef umkrafin gjöld séu ekki greidd að fullu innan 21 dags frá gjalddaga. Samkvæmt því var eindagi skuldarinnar 12. júní 1986 og óheimilt að krefjast dráttarvaxta frá fyrri tíma.

Með hliðsjón af því, sem nú hefur verið rakið, eru efni til nokkurrar lækkunar á fjárkröfu stefnda. Þykir eftir atvikum rétt að lækka hana að álitum í 450.000 krónur. Ber að dæma áfrýjendur til að greiða stefnda óskipt þessa fjárhæð með dráttarvöxtum, eins og í dómsorði greinir.

Dæma ber áfrýjendur til að greiða stefnda óskipt málskostnað í héraði og fyrir Hæstarétti. Þykir hann eftir atvikum hæfilega ákveðinn samtals 150.000 krónur.

Mál þetta var tekið til dóms í héraði að loknum munnlegum málflutningi 30. apríl 1987. Það var endurupptekið 5. október 1988 og „endurflutt eins og efni standa til“. Dómur var kveðinn upp þegar eftir þennan málflutning. Héraðsdómari getur þess, að uppkvaðning dóms hafi dregist vegna embættisanna. Þessi dráttur málsins í hartnær eitt og hálft ár var óhæfilegur, og jafnframt er þessi málsmeðferð mjög andstæð því, sem fyrir er mælt í 1. mgr. 191. gr. laga nr. 85/1936 um meðferð einkamála í héraði, og rýrði mjög gildi hins munnlega málflutnings. Ber að átelja þetta.

D ó m s o r ð:

Áfrýjendur, Einar Brynjólfsson og Sigrún Ingólfssdóttir, greiði stefnda, Hitaveitu Rangæinga, óskipt 450.000 krónur með 2,25% dráttarvöxtum á mánuði frá 13. júní 1986 til 1. mars 1987, 2,5% frá þeim degi til 14. apríl sama ár, en með dráttarvöxtum samkvæmt III. kafla vaxtalaga nr. 25/1987 frá þeim degi til greiðsludags.

Áfrýjendur greiði stefnda óskipt 150.000 krónur í málskostnað í héraði og fyrir Hæstarétti.

Dóminum ber að fullnægja að viðlagðri aðför að lögum.

Dómur aukadómpings Rangárvallasýslu 5. október 1988.

Mál þetta, sem dómtekið var í dag, er höfðað með stefnu, birtri 1. desember 1986.

Stefnandi er Hitaveita Rangæinga, nnr. 4151-2148, Eyjasandi 9, Hellu, Rangárvallasýslu.

Stefndu eru Einar Brynjólfsson, nnr. 1795-7090, og Sigrún Ingólfssdóttir, nnr. 7711-0615, Götu, Holtahreppi, Rangárvallasýslu.

Dómkröfur stefnanda eru þær, að stefndu verði dæmd til að greiða in solidum 587.589 krónur ásamt 2,25% dráttarvöxtum á mánuði frá 1. júní 1986 til greiðsludags auk málskostnaðar skv. gjaldskrá Lögmannafélags Íslands.

Dómkröfur stefndu eru þær aðallega, að þau verði sýknuð af þeim dómkröfum, sem taka til áætlaðrar notkunar heits vatns í gróðurhúsi 1983 og 1984, 364.954 krónum, og að hluta vegna áætlaðrar notkunar árið 1985. Í því tilviki er krafist málskostnaðar að skaðlausu samkvæmt gjaldskrá Lögmannafélags Íslands. Til vara krefjast stefndu þess, að þeim verði einungis gert að greiða aðra og lægri fjárhæð en greinir í stefnukröfu. Jafnframt er í því tilviki krafist málskostnaðar að skaðlausu samkvæmt gjaldskrá Lögmannafélags Íslands.

Málavextir.

Stefnandi kveður umstefnda skuld vera vegna notkunar stefndu á heitu vatni frá Hitaveitu Rangæinga í íbúðarhúsi og gróðurhúsi á jörð þeirra, Götu, Holtahreppi, árin 1983-1985.

Með bréfi, dagsettu 4. júní 1982, og öðru, dagsettu 7. september s.á., hafi stefndi Einar óskað eftir heitu vatni til upphitunar á gróðurhúsi á árinu 1983, og áætlaði hann, að notkunarþörf væri um 0,3-0,4 sekúndulítar. Fengu stefndu á þessum tíma heitt vatn frá leiðslu, sem lá frá dælustöð Hitaveitu Rangæinga að Laugalandi, en ekki var settur í hana sérstakur rennislismælir eða hemill fyrir gróðurhúsin. Afgjald fyrir notkun heits vatns frá þeim tíma hefur verið áætlað af garðyrkjufraðingi fyrir gróðurhúsin, en farið hefur verið eftir mæli fyrir íbúðarhúsið.

Að mati jarðfræðinga var heitt vatn fánlegt í landi jarðarinnar Götu, og gerðu aðilar máls þessa samning með sér um nýtingu þess 17. maí 1984. Fékk stefnandi þá einkarétt til að bora eftir heitu vatni á jörðinni og til að virkja og nýta allan þann jarðhita, sem fengist með borun.

Endurgjald til jarðeiganda skyldi vera þannig samkvæmt samningnum: „Fáist það vatnsmagn við borun og virkjun á jörðinni Götu, að Hitaveita Rangæinga virki vatnið og nýti fyrir hitaveituna, þá fá landeigendur Götu sem heildarendurgjald vatn til eigin nota, sem svarar til allt að einum sekúndulítra (m.v. rennislísemil) af 100°C heitu vatni, miðað við 30 sekúndulítra virkjun (100°C), þó ekki yfir 5% — fimm af hundraði — af virkjuðu vatnsmagni á hverjum tíma, meðan virkjun varir. (Útreikningur á vatnsmagni til landeiganda, sé viðmiðun tekin af 70°C heitu vatni og 30 sekúndulítra virkjun: $1 \times \text{hundraði} / 70 = 1,43$ sekúndulítar.) Af því, sem virkjað kann að verða yfir 30 sekúndulítra, fá landeigendur í endurgjald til viðbótar $1\frac{1}{2}\%$ — eitt og hálft af hundraði — af virkjuðu vatnsmagni. Jarðeigendur mega nota vatnið til eigin íbúðarhúsnæðis og atvinnurekstrar. Framsal eða sala vatnsins eða endurgjaldsins er óheimil.

Endurgjaldið skal reiknað út í ársbyrjun hvert ár og til eins árs í senn. Skál endurgjaldið vera framangreint hlutfall samanlagðs heildarvatnsmagns úr borholum í landi Götu, eins og það kom fram á rennslismælum árið á undan. Fyrsta árið, sem ákvæði þetta gildir, skal miða afgjald við vatnsmagn úr borholum, reiknað út fyrir þrjá mánuði í senn í stað eins árs.“

Í samræmi við ofangreint ákvæði kveðst stefnandi hafa tekið saman vatnsnotkun og gert áætlanir, en stefndu hafi eigi viljað una við það og neitað greiðslum. Nýting vatns úr borholu þeirri, er sé í landi stefndu, sé lítil, og hafi hlaðist upp skuld hjá stefndu við stefnanda.

Í bréfi stjórnarformanns stefnanda, dagsettu 22. maí 1986, lýsir hann kröfum stefnanda og hvernig þær eru reiknaðar út, á eftirfarandi hátt:

„Á fundi stjórnar Hitaveitu Rangæinga nýlega var samþykkt að reikna út skuld þína við veituna og fara fram á greiðslu hennar.

Eins og þér er kunnugt, láðist að setja upp rennslismæli í gróðurhúsi, þegar það var tekið í notkun. Það var áður um rætt okkar á milli, að notkun skyldi áætluð, enda má fara nærri um notkun gróðurhúss af þeirri stærð, sem þú átt. Með bréfi til stjórnar HVR þann 7. september 1982 upplýsir þú, að til kyndingar þurfi 0,3-0,4 l/sek. Samkvæmt upplýsingum garðyrkjuráðunauta mun þessi áætlun láta nærri, og verður því við það miðað, að notkun hafi að meðaltali verið 20 l/mín. Sé miðað við, að gróðurhúsið hafi verið notað í 8 mánuði árin 1983 og 1984, er áætlað, að heildarnotkun fyrir þessi ár hafi verið samtals 13.824 tonn. Hinn 17. maí 1984 var undirritaður samningur um hitaréttindi í landi Götu. Í 3. grein þess samnings segir til um, hvernig beri að reikna endurgjald fyrir hitaréttindin. Á meðfylgjandi fylgiskjali kemur fram, að endurgjald m.v. samning og að teknu tilliti til dælingar af svæðinu reiknist þannig:

1/1 -31/3		0 l/mín.
1/4 -30/6		11,39 ”
1/7 -30/9		6,64 ”
1/10-31/12		4,43 ”

Sé þessi notkun reiknuð til heildartonna árið 1985, sést, að endurgjald, sem þér ber samkv. samningi fyrir árið 1985, hefur verið 2.911 tonn. Miðað við áður gefnar forsendur um notkun í gróðurhúsi í 8 mánuði er notkun þar áætluð 6.912 tonn, og samkvæmt rennslismæli í íbúðarhúsi var notkun tímabilið 1/4-31/12 1985 samtals 1.801 tonn. Því er áætlað, að heildarnotkun 1985 í íbúðarhúsi og gróðurhúsi hafi verið 8.713 tonn. Að frádregnu endurgjaldi (2.911 tonn) er notkun 1985, sem þér ber að greiða, samtals 5.802 tonn.

Þegar ákvæði um endurgjald fyrir hitaréttindi tóku gildi þann 1. apríl 1985, var skuld þín vegna íbúðarhúss kr. 48.271. Að viðbættum dráttar-

vöxtum síðar nemur gömul skuld vegna íbúðarhúss fyrir gildistöku samnings kr. 69.462.

Samantekt:

1. Áætluð notkun í gróðurhúsi 1983 og 1984 13.824	
tonn á 26,40	364.954
2. Áætluð notkun 1985 að frádregnu endurgjaldi 5.802	
tonn á 26,40	153.173
3. Skuld vegna íbúðar skv. mæli til 1/4 1985	69.462
Heildarskuld þann 20/5'86	587.589.“

Stefnandi kveður stefndu ekki hafa fengist til að greiða skuld sína þrátt fyrir áskoranir og sáttafund, og því sé honum nauðsyn á að fá dóm við kröfum sínum.

Málsástæður og lagarök.

Af hálfu stefnanda er gerð krafa um gjald fyrir notkun stefndu á heitu vatni að fullu fyrir tímabilið, áður en samningur var gerður, og síðan fyrir notkun þeirra að frádregnu endurgjaldi samkvæmt samningi frá 17. maí 1984. Afgjaldið reisir hann á gjaldskrá Hitaveitu Rangæinga, nú síðast nr. 150/1986. Ber stefnandi fyrir sig almennar reglur kröfu- og samningaréttarins.

Stefndu bera það fyrir sig, að þar eð enginn fyrirvari hafi verið gerður um greiðslu fyrir heitt vatn, er þau höfðu fengið, áður en samningurinn frá 17. maí 1984 tók gildi, þegar þau sömdu við stefnanda, geti hann ekki krafist um það nú. Stefnanda hafi borið að leggja fram reikning við undirritun samningsins með sundurliðun krafna hans á hendur stefndu, og þar sem það hafi ekki verið gert, hafi hann með tómlæti sínu tapað rétti, sem hann kynni að hafa átt gagnvart stefndu.

Þá kemur það fram hjá stefndu, að samkomulag hafi tekist með þeim og skólanefnd Laugalandsskóla og hreppstjóra um, að þau fengju endurgjaldslaust vatn, meðan á tilraunavirkjun stæði.

Um notkun á árinu 1985 bera stefndu eftirfarandi fyrir sig:

1) Stefnendur krefji um greiðslu fyrir allt árið, en endurgjaldsákvæði hafi ekki tekið gildi fyrr en 1. apríl, og beri því að lækka þennan lið um fjórðung.

2) Stefnu benda á, að hiti vatns við inntak í gróðurhús sé allt að 30% minni en það er við dælustöð, sem er í um 110 metra fjarlægð. Mótmæla þau því að þurfa að bera hitatapið, sem þarna verður, og telja, að ráða megi af samningi, að afhending fari fram við rennslisemil í gróðurhúsi. Þetta leiði til þess, að lækka beri dómkröfu stefnanda vegna þessa.

Krafa stefnanda „vegna íbúðar skv. mæli til 1.4. 1985“, að fjárhæð 48.271 króna, er viðurkennd af stefndu, en dráttarvöxtum mótmælt.

Forsendur og niðurstaða.

Ekki verður fallist á það með stefndu, að þau hafi átt að fá heitt vatn endurgjaldslaust fram að þeim tíma, að samningur aðila tók gildi. Hvorki hefur þeim tekist að sanna, að samningar hafi staðið til annars, né heldur verður fallist á þá málsástæðu, að þögn um þetta atriði við samningsgerð aðila verði metin sem tómlæti af hálfu stefnanda.

Krafa stefnanda er að nokkru reist á upplýsingum stefndu sjálfra um magn heits vatns og virðist í hóf stillt, enda hafa stefndu ekki hafst að til að hnekkja henni tölulega. Þá verður ekki fallist á þá málsástæðu stefndu, að miða skuli við hitastig vatns við notkunarstað vatnsins, og er fallist á staðhæfingu stefnanda í þessu sambandi.

Samkvæmt þessu ber að taka kröfu stefnanda um greiðslu fyrir heitt vatn í gróðurhúsi stefndu árin 1983 og 1984 til greina, og er fallist á kröfufjárhæðina 364.954 krónur, en eins og hér stendur á og tillit er tekið til þess, að vaxta er einungis krafist frá 1. júní 1986, þykir mega miða við einingarverðið 26,40 krónur, svo sem stefnandi hefur gert.

Með því að fallist er á það með stefnanda, að miða beri við hitastig við upptök og að stefndu beri að greiða fyrir vatn það, er þau fengu fyrir gildistöku samnings, ber að fallast á kröfu stefnanda um greiðslu á 153.173 krónum fyrir notkun á árinu 1985.

Krafa stefnanda um greiðslu fyrir heitt vatn vegna íbúðarhúss skv. mæli, 48.271 króna, er viðurkennd af stefndu, en eins og kröfugerð er háttad í málinu, verður ekki fallist á að bæta vöxtum vegna hennar við höfuðstól dómkröfu, eins og stefnandi hefur gert, heldur er hún hluti vaxta þeirra, er stefnandi á kröfu til úr hendi stefndu, en fallast ber á kröfu stefnanda um dráttarvexti úr hendi stefndu.

Eftir úrslitum málsins ber að dæma stefndu til að greiða stefnanda málskostnað, sem ákvarðast 130.000 krónur.

Friðjón Guðröðarson sýslumaður kvað upp dóm þennan.

D ó m s o r ð:

Stefndu, Einar Brynjólfsson og Sigrún Ingólfsdóttir, greiði óskipt stefnanda, Hitaveitu Rangæinga, 566.398 krónur auk 21.191 í dráttarvexti og með 2,25% dráttarvöxtum á mánuði af 566.398 krónum frá 1. júní 1986 til 1. mars 1987, en með 30% ársvöxtum af sömu fjárhæð frá þeim degi til 1. júní s.á., en skv. III. kafla vaxtalaga nr. 25/1987 frá þeim degi til greiðsludags og 130.000 krónur í málskostnað, allt innan 15 daga frá birtingu dóms þessa að viðlagðri aðför að lögum.